

1870.

12. ágúst.

kveði upp úrskurð sinn um þjóðvegum í tæðum hreppum, sumpart að þeir fái sanngjarnt endurgjald fyrir skylduverk þau, sem unnin eru frá þeim tíma, er nefnd tilskipun öðlaðist gildi, eða hér á eptir munu verða unnin, til þess að halda við þeim vegum, sem yrði álitnir þjóðvegir, hafið þér í bræfi, dagsettu 2. febrm. þ. á., getið þess, að það sè þegar 1. apríl 1864 búið að ákveða með bræfi til hlutaðeiganda sýslumanns, hverja vegi í amtinu skuli álíta þjóðvegi, og að það sè vitaskuld, að margir sè þeir hreppar í amtinu, er enginn þjóðvegur liggi um; enn fremur segið þér, að yður hafi ekki fundið ástæða til að úrskurða, að álíta skuli veginn um nefnda hreppa til verzlunarstaðarins Þórshafnar sem þjóðveg, þó að nokkrir íbúar í tæðum hreppum að eins um stuttan tíma af sumrinu sæki verzlunarstaðinn, þar sem ennþá eru ekki reistar verzlunarbúðir í Þórshöfn, og umferðir þær, sem rísa hér af, sè aðeins litlar í sam-  
anburði við umferðir um aðalbygðir amtsins, og að öllu samtöldu nemi ekki meiru en stuttum spotta báðumegin við verzlunarstaðinn.

Útaf þessa gefst yður til vitundar, yður sjálfum til leiðbeiningar og svo þér auglýsið það, að eptir því, sem fram er komið, finnst stjórnarráðinu ekki vera nein ástæða til at gefa gaum að bænarskrá þessari.

# 80. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins í norður- og austurumdæminu, um aðgjörð á Munkaþverár kirkju.

18. ágúst.

Um leið og þér, herra amtmaður, með bræfi 31. maí þ. á., hafið sent hingað eptirrit af bænarskrá nokkurri til amtsins, ásamt fylgiskjöllum, þar sem umboðsmaður vesturhluta Munkaþverár klausturs, Eggert Gunnarsson, sækir um leyfi til, að láta nokkrar lítillvægar aðgjörðir á Munkaþverár kirkju fram fara, en kostnaðurinn mun samkvæmt áætlun verða alls 26 rd. 18 sk., hafið þér leitað samþykkis stjórnarráðsins til þessa.

Útaf þessu gefst yður til vitundar, yður til leiðbeiningar

1870. og svo þér birtið það, að stjórnarráðið leyfir það, sem sókt  
12. ágúst. er um.

18. ágúst. **81. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um nýja rentuklippinga við ríkis-skuldabréf.**

Eptir að dómsmálastjórnin hafði sent fjárhagsstjórninni til úrslita bænarskrá þá, sem þér, herra stiptamtmaður, senduð hingað með bréfi 25. marz þ. á., en í þeirri bænarskrá getur landfógeti þess, að þörf sé á, að ákveðið verði þegar á þessu ári, hvernig fara skuli með þau konunglegu ríkisskuldabréf með rentuklippingum, er ganga á Íslandi, þegar klippingarnir sé gengnir upp, hefir fjárstjórnin gefið oss til vitundar, að þá skuli senda henni skuldabréfin, til þess að settur verði á þau stimpill, er skuli votta, að nýjar arkir af rentuklippingum sé látnar af hendi; verða síðan ríkisskuldabréfin send aptur ásamt örkunum. Fyrir þessa sök skulu allir þeir menn á Íslandi, sem eiga slík skuldabréf, skila þeim til landfógeta innan 11. júním. 1871, og láta bréf fylgja með til fjárhagsstjórnarinnar, en í því bréfi skal tilgreina einkunnarstaf skuldabréfsins, töluna á því, daginn sem það er gefið út, og upphæðina; enn fremur skal tilgreina í bréfinu með svo mikilli nákvæmni og svo fullkomlega, að enginn misskilningur geti á orðið, heiti eigandans, stætt hans og heimili. Landfógeti verður að veita þeim mönnum, sem senda honum skuldabréf, skýrteini til bráðabirgða um það, að hann hafi tekið við skuldabréfunum, en skýrteinum þessum verður að skila aptur, er eigendurnir fá aptur skuldabréf sín með nýjum klippingum. Síðan á landfógeti að senda ríkisskulda- og eptirlauna-stjórnardeildinni með póstskipinu sem embættis erindi þau bréf og skuldabréf, sem hann hefir tekið á móti, en stjórnardeildin mun aptur senda honum þau á sömu leið ásamt hinum nýju rentuklippinga-örkum handa eigendunum, en þeir verða að rita kvittun á bráðabirgða-skýrteinin fyrir því, að þeir hafi með tekið skuldabréfin með nýjum klippingum, og verður að haga þess-